

139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 323 — 280. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um Skipasafn Íslands þar sem grunnur safnsins yrðu skipalíkön Gríms Karlssonar skipstjóra og módelismiðs.

Umsögn

Það er fagnaðarefni að áhugi skuli vera á því að efla sjóminjavörslu á Íslandi. Reykjanesbær er vel til þess fallinn að taka að sér verðugt hlutverk í því verkefni.

Árið 2002 var opnuð sýning á bátalíkönnum Gríms Karlssonar í samvinnu við Byggðasafn Reykjanesbæjar í Duushúsum í Keflavík. Þar má einnig sjá marga gamla gripi og myndir úr eigu safnsins. Áhersla var lögð á að sýna vinnu og handbragð Gríms en þar er á ferðinni sannur vinur sjóminjavörslunnar og á hann mikið hrós skilið fyrir elju sína og dugnað. Allar götur síðan hefur sýningin verið opin almenningi og margir hafa sýnt henni mikinn áhuga einkum þeir sem tengdust sjósókn í eldri tíð. Mikilvægt er að þróa þetta áfram og huga að ýmsum fleiri þáttum sjómennsku, útgerðar og fiskvinnslu í landi.

Áhugavert væri einnig að huga að skipasmíðum og vinnu í vélsmiðjum en mikið og merkilegt starf var unnið á slíkum vinnustöðum og enn eru margir til staðar sem unnu við þessar iðnir. Þar má finna mikla sögu íslensks hug- og verkvits, menn urðu að bjarga sér og leysa úr málum þannig að skipin nýttust sem best við íslenskar aðstæður. Það er mikilvægt að huga líka að varðveislu skipanna sjálfra því þau eru ekki síst heimildir um hand- og hugverk íslenskra skipa- og vélsmiða. Mikilvægt er einnig að gera áætlun um varðveislu skipa á landsvísu.

Til þess að efla þessa minjavörslu er nauðsynlegt að byggja upp öflugt safnastarf. Slíkt starf felur m.a. í sér söfnun, skráningu, varðveislu og rannsóknir á sjóminjum, stefnumótun og áætlunargerð, auk þess sem þróa þarf fjölbreytilegt fræðsluefni fyrir öll skólastarf og byggja upp miðlunarstarf. Svona vinna er ekki unnin í hjáverkum og árangur næst aðeins með því að ráða starfsmenn að slíku verkefni. Þá er mikilvægt að tryggja slíkri starfsemi húsnæði sem uppfyllir grunnþarfir svona safns.

Virðingarfyllst

Sigrún Ásta Jónsdóttir
Forstöðumaður, Byggðasafns Reykjanesbæjar